

Fundur 15.4.2024 Hermann Jónasson frá Þingeyrum.

Komið þið sælir og blessaðir.

*Já góða kvöldið, blessaður.*

Allt of langt er síðan ég hef við ykkur talað, man ég eftir því fyrir all löngu að nokkru sinnum komumst við á fund, komumst við í gegnum sambandið, ég og nokkrir aðrir og var það undarleg upplifun, þar sem þið höfðuð marga miðla og var það ekki sami miðillinn sem kláraði setninguna hjá mér og var það mjög merkileg upplifun og góð sönnun á framlífinu.

Vona ég að það verði síðar, en er ég hér öflugur í framlífi og sannur Nýalssinni er ég orðinn og það var ég þegar ég kom yfir í framlífið og hef haldið þeirri skoðun við, og mjög merkilegt ykkar félag og á ég rætur mínar í spíritismanum og hef ég ekki að öllu leiti sagt skilið við þær kenningar, en þó að mestu leiti.

Er ég ekki samjörðungur allra þeirra sem hafa talað til ykkar á þessum fundi í kvöld, en hlustaði ég með athygli á það sem menn sögðu um drauma sína, og hef ég ekki svo lítið athugað mína eigin drauma og skrifað um þá í framlífi en einnig í frumlífi.

Og ber ég mikla virðingu fyrir þeim sem hér var minnst á, Þorsteini Jónssyni og Ingvari Agnarssyni og öðrum félögum ykkar, sem hafa mikið skrifað um drauma og fjallað um þá og komið í sambandið til okkar.

Er ég hér nýkominn í þriðja framlíf mitt og margt merkilegt af því að segja, en vil ég þó rifja upp fortíðina og segja á mér deili áður en lengra er haldið.

Hermann Jónasson.

*Hermann Jónasson varst þú ekki forsætisráðherra ?*

Nei.

*Ert þú sá sem ég var að biðja um að fá í sambandið, draumamaðurinn mikli.*

Já, held ég það frekar.

*Kenndur við Þingeyrar ?*

Kenndur við Þingeyrar, já það passar.

*Já, ég var nefnilega að lesa bækurnar þínar í vetur og nefndi þig hér á fundi og óskaði eftir að þú kæmir í sambandið.*

Já, ég kom í sambandið fyrir langa löngu þegar þið höfðuð aðra miðla.

Já já.

Og þá voru það nokkrir aðrir sem voru mér nærstaddir sem komu líka í sambandið, já ég ætlaði að fjalla um drauma, ég hef, það var sagt um mig að ég gæti lagst til svefns og látið látið mig dreyma fyrir daglátum og lausnum á vandamálum og skildi ég ekki alveg þessa gáfu mína, en skrifaði þó all mikið um hana, og hef ég skilið þetta allt miklu betur hér í framlífi.

Minnst ég þess þegar mig dreymdi fána dregin að hún og sá ég ártalið 1918 og marga veika og átti það eftir að geraast löngu síðar og dreymdi mig dýr sem höfðu týnst og gat ég fundið þau og einnig gat ég fundið hluti sem höfðu týnst, svo nokkuð sé nefnd.

Hefur mér skilist að vísindamönnum í Bandaríkjunum og víðar sé það áhugamál að upplýsa það sem þeir kalla Lucid Dreaming og mun vera sama ástand og ég var fær að koma mér í, til að kanna himingeiminn og aðrar stjörnur.

En eftir mörg og merkileg samtöl við dr. Helga Pjeturss og aðra í framlífi sem fylgdu honum að málum, varð ég að láta af þeim misskilningi mínum að það væri ég sem stjórnaði þessu, heldur komst ég að því að ég var í svo góðum tengslum við, það sem oft var kallað fylgja eða hamingja á jörðinni gömlu á minni tíð, að þessar verndarverur á öðrum hnetti gáfu mér hugboð um að ég skyldi leggjast til svefns og að draumurinn yrði okkar tengiliður við þá þekkingu og vitneskju sem þeir höfðu yfir að búa og gæti ég eignað mér hana, en var það þó vissulega aðfengin þekking frá öðrum jarðstjörnum og æðri mannkynjum.

Það er nú svo að hæfileiki þessi sem ég hef yfir að búa, mun vera svipaður þeim sem Swedenborg hefur lýst í sínum ritum og hef ég einnig hlustað á hann í fjarsamböndum, ekki er hann á sama hnetti.

Hef ég einnig hér í framlífi ræktað þessa gáfu og hæfileika og hef ég reynt að leiðbeina mönnum hvernig þeir eigi að bera sig við og hef ég reynt að bæta mín vinnubrögð við að muna draumana og skrifa þá hjá mér um leið og ég vakna eða eins fljótt og mér er það unnt, svo að sem fæst týnist.

Og hef ég einnig leiðbeint mönnum og verið með nokkurs konar námskeið í þessu hér í framlífi og hefur það gengið vel, en það er mikilvægt að muna það að þótt allir eigi sér hamingju og verndarvætti og fylgjur, þá er það ekki öllum auðvelt að komast í samband við þær verur, en eitthvað var það farið að gerast í fyrsta framlífi mínu og enn meira hér í þessu framlífi og þessu sem ég var í áður.

Og sá ég þær að vísu í fjarsambandi í sambandsstöðvum þess hnattar sem ég var á, ekki hef ég enn þá komist að því hvernig hjálpa megi öllum að öðlast þessa hæfileika og dreyma fyrir óörnum hlutum, en eftir því sem ég kemst næst, þá er það eitthvað tengt því hvort að slík skyggigáfa sé í ættinni eða ekki og hvort vixlmögnun verði milli þjóðfélagsþegna í því samfélagi sem maður lifir í hverju sinni.

Og áður en ég kveð ykkur, vil ég segja ykkur það að áhugi á andlegum málum og miðilsfundum þarf að aukast í ykkar samfélagi og ná til ungu kynslóðarinnar og flestra kynslóða, því það mun efla öll sambönd ykkar og jafnvel er þá frekar möguleiki á líkamningum.

Þakka ég fyrir jafna orku í kvöld, en finn ég nú að orkan er að minnka og verð ég að kveðja ykkur að sinni, þakka ég fyrir gott hljóð, vildi ég gjarnan segja frá mínum högum og persónulegum málefnum síðar, þakka ég fyrir mig, óska ég ykkur alls hins besta og gleður mig að komast í sambandið við gömlu jörðina.

Verið þið sælir.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir komuna,*

*Vertu blessaður Hermann og gaman að þú skyldir hafa komið.*

Já.

*Og vonandi kemur þú aftur seinna.*

Takk fyrir mig sumuleiðis.

*Blessaður.*

Bless.